

FUNDARGERÐ LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

139. fundur Landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 6. apríl 2016 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra.

Fundinn sátu:

Jóhann Ragnarsson, formaður, Sigtryggur Sigurvaldason, aðalmaður, Matthildur Hjálmarsdóttir, aðalmaður og Sigríður Ólafsdóttir, aðalmaður. Þórarinn Óli Rafnsson aðalmaður boðaði forföll og varamenn komust ekki á fundinn.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri.

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Dagskrá:

1. Fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra.
2. Svar frá MAST við beiðni byggðarráðs um vortalningu
3. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra.

Í framhaldi af umræðu og bókun á síðasta fundi landbúnaðarráðs sendi sveitarstjóri tölvupóst á fjallskilastjórnir þann 16. mars sl. og gaf færi á að koma með athugasemdir við Fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra í framhaldi af tillögum um breytingar á samþykktinni frá Fjallskiladeild Hrútfirðinga að austan.

Svör komu frá Fjallskiladeild Vesturhóps, Fjallskiladeild Hrútafjarðar vestan og Fjallskiladeild Miðfirðinga. Fjallskiladeild Vesturhóps og Fjallskiladeild Hrútafjarðar vestan hafa ekki athugasemdir við fjallskilasamþykktina en Fjallskiladeild Miðfirðinga leggur til að réttað verði í Miðfjarðarrétt að öllu jöfnu fyrsta laugardag í september ár hvert.

Ákveðið að fresta ákvörðun um breytingar til næsta fundar.

2. Svar frá MAST við beiðni byggðarráðs um vortalningu

Á síðasta fundi byggðarráð var svarbréf frá MAST um vortalningu á öllu fjallskilaskyldu búfé í Húnaþingi vestra tekið fyrir og málinu vísað til landbúnaðarráðs. Í svarinu kemur fram að Matvælastofnun getur ekki orðið við beiðni um vortalningu alls búfjár en bendir á að ef sveitarstjórn eða fjallskilastjórnir hafi grun um einhver telji ekki rétt fram þá er hægt að koma athugasemdum til dýraeftirlitsmann sem metur hvort skuli heimsækja viðkomandi bæi. Landbúnaðarráð felur Matthildi að kanna hvaða önnur úrræði sveitarfélög hafa til að sannræna uppgefnar búfjártölur.

3. Önnur mál.

- a. Engin önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:53

Jóhann Ragnarsson

Sigtryggur Sigurvaldason

Matthildur Hjálmarsdóttir

Sigríður Ólafsdóttir

Guðný Hrund karlsdóttir